

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 5. apríl 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. júnímánaðar.

Nr. 12/1895:

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Ísafjardarkaupstaðar, gengnum 1. desbrmán. f. á., var hinn ákærði, húsmadur Ólafur Ólafsson á Ísafirði, í máli, er höfðað hafði verið gegn honum fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, dæmdur samkvæmt analogíu 149. gr. almenura hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til talsmanns síns í hjeraði, sýslumanns Skúla Thoroddsens, 5 krónur, en dómi þessum hefur eptir ósk ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Í sakamálsrannsókn, er hafin var í júnímán. 1892 gegn sýslumanni í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði Skúla Thoroddsen út af grunsemdum, að hann í janúarmán. næst á undan (1892)

hefði reynt að kúga sakborning nokkurn til sagna eða til að játa brot sitt, sjerstaklega með því að úrskurða honum 2 sinnum ólöglega vatns- og brauðs-fangelsi, var hinn ákærði, sem hafði verið rjettarvottur við rjettarhöld þau hjá tjeðum sýslumanni, er nefnd vatns- og brauðsþvingun átti að hafa verið úrskurðuð, leiddur sem vitni, einkanlega til upplýsingar um, hvort sakborningur hefði neitað að svara spurningum, er sýslumaður lagði fyrir hann í rjettinum. Í fyrsta rjettarhaldi, er haldið var 17. júní nefnt ár (1892), bar ákærði, að hann vissi ekki til, að sakborningur hefði neitað að svara neinum spurningum rannsóknardómarans, en í öðru rjettarhaldi samdægurs minnti hann þó, að hann hefði færzt undan að svara einhverri spurningu, er honum í fyrra skiptið var úrskurðað vatn og brauð. Um kvöldið sama dag fjeck Skúli sýslumaður ákærða og annan mann, er ásamt ákærða hafði verið rjettarvottur í rjettarhöldum þeim í janúar 1892, er hin ólöglega þvingun átti að hafa átt sjer stað, til að skrifa undir skjal, þar sem þeir lýsa því yfir, að umgetinn sakborningur hafi fleirsinnis neitað að svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar af rannsóknardómaranum (Skúla), og hafi neitunin átt sjer stað í bæði þau skipti, er vatns- og brauðsþvingun var úrskurðuð sakborningi. Þessa skýrslu rjettarvottanna afhenti Skúli Thoroddsen rannsóknardómaranum í máli sínu daginn eptir, og var ákærði þá kallaður aptur fyrir rjett samdægurs, og bar hann þá, að sig minnti, að Sigurður hefði neitað að svara ein-

hverri spurningu í fyrra rjettarhaldinu, er úrskurðað var vatn og brauð, en hann mundi þá ekki fyrir víst, að slík neitun hefði átt sjer stað optar. 25. s. m. var ákærði enn kallaður fyrir rjett sem vitni, og bar hann þá, að neitun hefði átt sjer stað í fyrra skiptið, er úrskurðað var vatn og brauð, og í önnur 2 skipti. — 6. júlí næst á eptir vann hann síðan eið að framburði sínum, að því er ætla verður, eins og hann var bókaður 25. júní, en dómsgjörðirnar bera þetta ekki ljóslega með sjer. Upp frá þessu hefur ákærði stöðugt haldið við þenna síðasta framburð sinn.

Hinn 4. okt. 1892 var ákærði leiddur sem vitni í hinu sama sakamáli gegn Skúla Thoroddsen, en út af öðru atriði í því máli. Var Skúli grunaður um ranga bókun í sakamáli gegn Rögnavaldi nokkrum Guðmundssyni og um að hafa jafnvel ritað í rjettarbókina í máli þessu rjettarhöld, sem aldrei hefðu í raun og veru verið haldin, en þessi rjettarhöld, sem grunur lá á um að væru tilbúin, taldi rjettarbókin haldin 19. sept. og 3. okt. 1891 og 16. okt. 1891. Í nefndu rjettarhaldi 4. okt. 1892 mundi ákærði eigi til, að hann hefði sjeð svaramann tjeðs Rögnavaldar mæta í nefndum rjettarhöldum haustið 1891, eða yfir höfuð að hann sjálfur hefði verið rjettarvottur í rjettarhöldum þessum. En þegar honum var sýnd undirskript hans í rjettarbókinni undir rjettarhöldunum, kannaðist hann við að hafa skrifað nafn sitt undir rjettarhaldið 16. okt. 1891, en treysti sjer eigi til að segja neitt ákveðið um

undirskriptina undir hinum rjettarhöldunum, því að honum þótti þar nafn sitt ritað nokkuð ólíkt því, sem hann var vanur að rita það, en hann tjáðist á hinn bóginn svo opt hafa verið rjettarvottur hjá Skúla Thoroddsen, að hann þyrði eigi að ganga beinlínis frá nöfnunum. Hinn 24. okt. 1892 var ákærði aptur leiddur sem vitni um sama efni, og var framburður hans þá í öllu verulegu eins, en daginn eftir, 25. s. m., báru þeir sig saman utanrjettar, ákærði og annar maður, er var undirritaður sem hinn rjettarvotturinn við ofanefnd rjettarhöld 1891, og rituðu þeir þá í sameiningu skýrslu, er þeir sendu rannsóknardómaranum daginn eftir, 26. okt., og lýsa þeir því þar yfir, að þeir hafi verið rjettarvottar við nefnd rjettarhöld 19. sept. og 3. okt. 1891 og að svaramaður Rögnvaldar og Rögnvaldur sjálfur hefðu mætt í rjettarhaldinu 3. okt. 31. okt. næst á eftir var hafin rannsókn gegn ákærða fyrir rangan vitnaframburð, og hefur hann í þeirri rannsókn haldið því stöðugt fram, að þessi skýrsla væri rjett, nema hvað hann þá þegar eigi þorði að fullyrða, að Rögnvaldur hefði mætt sjálfur í rjetti 3. okt. 1891, og síðar tjell hann algjörlega frá því atriði í skýrslunni og kvaðst hafa misminnt það, enda var það þá orðið sannað á annan hátt, að Rögnvaldur hafði eigi mætt í tjeðu rjettarhaldi 3. okt. 1891.

Það hefur eigi orðið upplýst, hvað hið sanna hefur verið í atriðum þeim, er ákærði samkvæmt framansögðu var sjerstaklega krafinn til vitnis um, en eins og sýnt hefur verið fram á, hefur hann

verið mjög óstöðugur og hvarflandi í framburði sínum fyrir rjetti sem vitni. Ákærði hefur kennt það minnisleysi sínu, að hann hefur svo opt breytt framburði sínum eða lagað hann, og þegar sjerstaklega er litið á það, að hann var hjer krafinn til vitnis um atvik, er skeð höfðu missiri og ári áður, og voru auk þess þannig löguð, að eigi varð búizt við, að þau hefðu sjerstaklega náð að festast í minni hans, en á hinn bóginn, að ákærði er orðinn nokkuð aldurnhiginn maður og ef til vill farinn að sljófgast af elli, þá þykir verða að taka trúanlega sögusögn hans um það, að óstöðugleiki hans í framburði sínum fyrir rjetti hafi stafað af minnisleysi hans og sljófleika, og að hann eigi hafi vitað betur en hann bar í hvert skiptið. Það verður því að dæma ákærða sýknan af ákæru sóknarans í máli þessu, þó svo, að hann greiði allan af málinu gegn honum leiddan og leiddandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til talsmanns hans í hjeraði 5 kr., og til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjeraði — eptir ómerking hins fyrra dóms í því — hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Ólafur Ólafsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, en hann greiði allan af málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiddan og leiddandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeraði

til Skúla Thoroddsen 5 kr. og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1895:

Rjettvísinn
gegn
Pálma Björnssyni.

D ó m u r :

Með eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að ákærði Pálmi Björnsson snemma í marzmánuði 1894 tók ófrjálsri hendi hey í poka frá vinnumanni sínum Guðmundi Þorlákssyni. Það hefur ekki sannast, hve mikið heyið var, en undirdómarinn ætlar það hafa verið 30—40 aura virði.

Í annan stað hefur ákærði játað á sig, að hann haustið 1893 hafi tekið ómerkingslamb, sem kom saman við fje hans, slátrað því og hagnýtt sjer. Lamb þetta kom fyrir í Kolbeinsdalsrjett þá um haustið; vildi ákærði eiga ómerkinginn sem afrjettarbóndi, en rjettarstjóri, Magnús Ásgrímsson, sinnti ekki kröfu ákærða, heldur seldi hann lambið opinberlega fyrir 3 kr. 5 aura, og skyldi andvirði þess renna í sveitarsjóð samkvæmt ákvæðum fjallskilareglugjörðar sýslunnar. Þrátt fyrir